

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 282/2023

2024/EES/42/36

frá 27. október 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/206 frá 5. október 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru tegundir þátta sem taka skal til greina við mat á tilhlýðileika áhættuvoga fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteignum og þau skilyrði sem taka skal tillit til við mat á því hversu viðeigandi lágmarksgildi fyrir tap að gefnum vanefndum er fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteignum ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 14azzi (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2328) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzj. **32023 R 0206**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/206 frá 5. október 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru tegundir þátta sem taka skal til greina við matið á tilhlýðileika áhættuvoga fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteignum og skilyrðin sem taka skal tillit til við matið á því hversu viðeigandi lágmarksgildi fyrir tap að gefnum vanefndum er fyrir áhættuskuldbindingar sem tryggðar eru með fasteignum (Stjtið. ESB L 29, 1.2.2023, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/206, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. október 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 29, 1.2.2023, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. október 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður